

Nd.

597. Nefndarálit

[121. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að flýta fyrir afgreiðslu frv. milli deilda var formönnum allsherjarnefnda þingdeildanna ásamt skrifstofustjóra Alþingis falið að athuga frv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust. Er þetta sama málsmeðferð og verið hefur á afgreiðslu sams konar frv. á undanförunum árum.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, eru einnig nú hafðar til hliðsjónar. Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að álitum tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalist.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenskum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eigi íslenskan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerst hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslensk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlast heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því að þeim, sem tilgreindir eru í frv., eins og það er eftir 2. umr. í Ed. á þskj. 549, og enn fremur konu þeirri, sem getið er um í breytingartillögu á sérstöku þingskjali, verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur.

Alþingi, 29. apríl 1977.

Páll Pétursson,
varaform., frsm.
Friðjón Þórðarson.

Gunnlaugur Finnsson,
fundaskr.
Ingólfur Jónsson.

Svava Jakobsdóttir.
Sighvatur Björgvinsson.